

## ACRO VERÐBRÉF HF.

## LAGALEGIR FYRIRVARAR

**Lagalegur fyrirvari vegna vefsíðu**

Upplýsingar á vefsíðu ACRO verðbréfa hf. (hér eftir „félagið“) eru birtar samkvæmt bestu vitund félagsins á hverjum tíma og er ekki tekin ábyrgð á viðskiptum sem gerð eru á grundvelli þeirra. Félagið ábyrgist ekki réttmæti upplýsinganna hvort sem þær koma frá félaginu eða þriðja aðila. Upplýsingarnar kunna að breytast án fyrirvara.

Upplýsingar á vefsíðu félagsins eru almenns eðlis og fela ekki í sér tilboð eða ráðleggingar um kaup eða sölu tiltekinna fjármálagerna. Notendur vefsíðunnar bera einir ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem birtast á vefsíðunni.

Félagið ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til upplýsinga sem birtast á vefsíðu né heldur á tjóni sem rekja má beint eða óbeint til notkunar á vefsíðu félagsins. Félagið ber ekki í neinum tilvikum ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að ekki er hægt að nota vefsíðuna um lengri eða skemmri tíma.

Félagið á höfundarrétt á upplýsingum sem birtast á vefsíðunni nema annað sé tekið fram eða verði leitt af eðli máls. Óheimilt er að dreifa upplýsingunum, afrita þær eða nýta með öðrum hætti án skriflegs samþykkis félagsins. Ekki skiptir máli hvers eðlis þær upplýsingar eru né í hvaða tilgangi ætlunin er að endurbirta þær, afrita þær eða dreifa þeim. Viðskiptavinum félagsins er þó heimilt að vista slíkar upplýsingar til einkanota.

Viðskipti með fjármálagerna eru áhættusöm í eðli sínu. Verðbreytingar í fortíð gefa ekki endilega vísbendingu um verðbreytingar í framtíð. Félagið hvetur viðskiptavinum sína til að afla sér upplýsinga um eðli verðbréfavíðskipta og eftir atvikum annað sem viðkemur verðbréfavíðskiptum hjá ráðgjöfum félagsins.

Framangreindir fyrirvarar eiga einnig við um allar upplýsingar og efni sem sett er af hálfu félagsins inn á samfélagsmiðla ef við á.

**Lagalegur fyrirvari vegna tölvupósts**

Tölvupóstar og viðhengi sem send eru frá netföngum skráðum á félagið kunna að innihalda trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og eru eingöngu ætluð skráðum viðtakendum. Sé efni tölvupósts og viðhengja ótengt starfsemi félagsins er sendandi einn ábyrgur. Félagið vekur athygli á því að hvers konar upplýsingagjöf, afritun eða dreifing þeirra upplýsinga sem fram koma í tölvupóstum og viðhengjum er óleyfileg og kann að varða við lög. Ef sá sem tekur við tölvupósti þessum er ekki réttur viðtakandi er hann vinsamlega beðinn um að gæta fyllsta trúnaðar, tilkynna sendanda að honum hafi borist þessi tölvupóstur fyrir mistök og að því loknu að eyða tölvupóstinum og viðhengjum hans, ef einhver eru, án þess að geyma afrit, samanber lagaskyldu þar að lútandi samkvæmt 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti.

Félagið ber ekki ábyrgð á rangri eða ófullgerðri sendingu upplýsinganna sem tölvupósturinn inniheldur, né heldur á töfum á afhendingu hans eða tjóni sem kann að verða á tölvukerfi móttakanda. Félagið ábyrgist hvorki öryggi tölvupóstsins né að hann sé laus við vírusa eða að íhlutun þriðja aðila hafi ekki átt sér stað.

Upplýsingar um fyrirtæki, fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga í útsendum tölvupóstum ACRO hafa eingöngu upplýsingagildi og fela ekki í sér fjárfestingagreiningar, tilboð, tillögur eða ráðleggingar um kaup eða sölu fjármálagerninga, fjárfestingaáætlanir eða þátttöku í fjárfestingum.

### **Upptaka, geymsla og vistun gagna**

Í því skyni að tryggja öryggi viðskiptavinar og félagsins er viðskiptavini kunnugt um að símtöl, tölvupóstar og hvers konar rafræn samskipti (svo sem samtöl í gegnum rekjanlega miðla á borð við Lync, Jabber, Bloomberg, Skype for Business, Teams eða aðra sambærilega miðla) viðskiptavinar við félagið í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi félagsins kunna að vera hljóðrituð og/eða varðveitt án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn.. Hljóðupptökurnar og afritin eru eign félagsins.

Hljóðupptökur eru gerðar á grundvelli heimildar í lögum um fjarskipti. Viðskiptavini er kunnugt um að upptökur og skráningar kunna að verða lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum komi upp ágreiningur um hvað aðilum fór á milli. Að öðru leyti skal félagið fara með upptökur og aðra skráningu samskipta líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. 58. - 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Öll gögn sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptavina og framkvæmd þeirra, þar með talið hljóðupptökur og önnur rafræn samskipti sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta, eru varðveitt hjá félaginu í að lágmarki fimm ár í samræmi við fyrirmæli 23. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.